

Nóvember 2020



# Verklagsreglur

Samstarf við íslensk félagasamtök í  
þróunarsamvinnu

Kynningar- og fræðslustyrkir

**Útgefandi:**

Utanríkisráðuneytið

Nóvember 2020

postur@utn.is

<https://www.utn.is/felagasamtok>

**Umbrot og textavinnsla:**

Utanríkisráðuneytið, alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofa

©2020 utanríkisráðuneytið

# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b> .....	<b>4</b>
<b>2. Tegundir styrkja</b> .....	<b>5</b>
<b>3. Styrkhæfi, styrkupp hæðir og samstarfsaðilar</b> .....	<b>6</b>
3.1 Styrkhæfi félagasamtaka.....	6
3.2 Styrkupp hæð og mótframlag.....	6
3.3 Málefnaflokkar og heimsmarkmið.....	7
<b>4. Umsóknir</b> .....	<b>8</b>
4.1 Skráningarferlið.....	8
<b>5. Mat umsókna</b> .....	<b>10</b>
5.1 Frummat.....	10
5.2 Matshópur.....	10
5.3 Tilkynning um úthlutun.....	11
5.4 Trúnaður.....	11
<b>6. Framkvæmd og eftirlit</b> .....	<b>12</b>
6.1 Fjármálastjórnun.....	12
6.2 Greiðsla styrkja.....	12
6.3 Samningar.....	12
<b>7. Skýrslur</b> .....	<b>13</b>

# 1. Inngangur

Verklagsreglur þessar gilda um úthlutanir kynningar- og fræðslustyrkja til íslenskra félagasamtaka í þróunarsamvinnu. Gilda þær samhliða reglum nr. 1035/2020 um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu.<sup>1</sup>

Samstarf við félagasamtök hefur það að markmiði að hvetja til þátttöku og framlags þeirra til þróunarsamvinnu Íslands. Jafnframt er áhersla lögð á að vekja athygli almennings á þróunarsamvinnu og þjóna þar kynningar- og fræðsluverkefni mikilvægum tilgangi.

Í stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu segir að Íslensk stjórnvöld leggi áherslu á upplýsingagjöf, kynningu og fræðslu um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlega þróunarsamvinnu. Markmiðið verði að auka skilning á þeim hnattrænu áskorunum sem til staðar eru, auka gagnsæi, skilvirkni og stuðla að aukinni þekkingu meðal almennings um málaflokkinn. Einnig skuli árangri af þróunarsamvinnu og mannúðarstarfi verða komið á framfæri við almenning með viðeigandi umfjöllun sem byggist á virðingu fyrir fólki og viðkvæmum hópum. Eiga þessar áherslur við þá styrki sem þessar verklagsreglur fjalla um.

Lögð er áhersla á að nýta nýjar hugmyndir og nálganir við kynningarstarf. Ólíkar leiðir verði nýttar til að ná til almennings, m.a. með gagnvirkum gagnaveitum, samfélagsmiðlum og samstarfi við menntastofnanir, fjölmiðla, félagasamtök, háskólasamfélagið og landsskrifstofur alþjóðastofnana. Árangri af þróunarsamvinnu skal vera komið á framfæri við almenning með viðeigandi umfjöllun sem byggist á virðingu fyrir fólki og viðkvæmum hópum.

Í verklagsreglum þessum verður fjallað um hvaða verkefni teljast styrkhæf til **kynningar- og fræðsluverkefna**, styrkhæfi aðila, feril umsókna og fleira.

Verklagsreglurnar eru birtar með fyrirvara um breytingar í kjölfar yfirstandandi óháðrar ytri úttektar á málaflokknum.

---

<sup>1</sup> Sjá reglur á vef Stjórnartíðinda: <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=d9180aab-a8ec-4cab-a5f4-e5a26dd074ab>

## 2. Tegundir styrkja

Kynningar- og fræðsluverkefni skulu framkvæmd á Íslandi. Þessum verkefnum er ætlað að auka þekkingu almennings á alþjóðlegri þróunarsamvinnu og efla þekkingu eða stofnanagetu umsækjenda í tengslum við þróunarsamvinnu.

Veittir eru styrkir t.d. til framleiðslu námsgagna, framleiðslu kynningarefnis, og fræðslu- og kynningarviðburðasem miðast að almenningi eða sértækari markhópum.

Styrkir skulu vera veittir til afmarkaðra og tímabundinna verkefna ekki lengur en til eins árs í senn. Heimilt er að ákveða áherslur við hverja úthlutun og skuli þess vera getið í auglýsingu. Slíkar áherslur útiloka þó ekki styrki til annarra verkefna.

Ekki eru veittir styrkir til rekstrar eða umsýslu félagsamtaka, né til kynningar- og fræðsluverkefna eða viðburða sem þegar hafa átt sér stað.

## 3. Styrkhæfi, styrkuppghæðir og samstarfsaðilar

Alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofa utanríkisráðuneytisins fer með umsýslu styrkja til kynningar- og fræðslumála á vegum félagasamtaka og er í samræmi við reglur um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til fyrirtækja og félagasamtaka í þróunarsamvinnu nr. 1035/2020.

Sérstakar áherslur við úthlutun, ef einhverjar eru, eru ákveðnar af ráðuneytinu. Áherslurnar skulu koma skýrt fram í auglýsingum um styrki hverju sinni.

Sækja má um styrki til verkefna sem unnin eru í eigin nafni félags, verkefna sem unnin eru í samstarfi við önnur félagasamtök eða í samstarfi við aðra samstarfsaðila, t.d. fyrirtæki eða fræðasamfélagið. Styrkt verkefni skulu koma til framkvæmdar á Íslandi.

### 3.1 Styrkhæfi félagasamtaka

Landsnefndir alþjóðastofnana sem taka við beinum framlögum frá íslenskum stjórnvöldum eru gjaldgeng til styrkja fyrir kynningar- og fræðslumál.

**Styrkhæf félagasamtök skulu a.m.k. uppfylla eftirtalin skilyrði:**

- Vera skráð í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra sem félagasamtök, skv. rekstrarformi eða starfsgreinaflokkun, eða vera skráð sem félag til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri skv. lögum nr. 119/2019.
- Skulu ekki rekin í hagnaðarskyni (e. non-profit).
- Hafa sett sér lög og hafa starfandi stjórn.
- Félagsmenn, styrktaraðilar eða stuðningsaðilar séu a.m.k. 30 talsins.
- Hafa lagt fram staðfestan ársreikning.

Nánar má lesa um styrkhæfi í reglum utanríkisráðuneytisins um styrkveitingar til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu nr. 1035/2020.

### 3.2 Styrkuppghæð og mótframlag

Styrkur til kynningar- eða fræðsluverkefni getur numið 80% af verkefnakostnaði og skal mótframlag félagasamtaka því nema að minnsta kosti 20%.

Í umsókn skal gera grein fyrir því hvernig styrkþegi hyggst háttta mótframlagi sínu. Hægt er að uppfylla mótframlagið með eigin fjárframlagi, fjárframlagi annarra samstarfsaðila eða vinnuframlagi.

Mótframlag má ekki greiða með opinberum styrkjum, hvorki íslenskum né erlendum. Í umsókn skal tilgreina aðra styrki sem verkefnið hefur tryggt sér eða gerir ráð fyrir á styrktímanum.

### 3.3 Málefnaflokkar og heimsmarkmið

Í öllum umsóknum skal tekið fram að hvaða heimsmarkmiðum er unnið í viðkomandi verkefni, þar með talið undirmarkmið. Nánari upplýsingar um heimsmarkmiðin og undirmarkmið þeirra má finna á upplýsingasíðu um heimsmarkmiðin.<sup>2</sup>

Einnig skulu upplýsingar í tengslum við málefnaflokk þróunarsamvinnu (e. purpose codes) skv. skilgreiningu þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarstofnunarinnar (OECD DAC) fylgja verkefninu.<sup>3</sup> Málefnaflokkar þessir eru nauðsynlegir fyrir skýrslugjöf ráðuneytisins til OECD DAC. Hægt er að flokka verkefni með fleiri en einum málefnaflokki.

---

<sup>2</sup> Sjá nánar heimsmarkmið SP: <https://www.heimsmarkmidin.is/> og <https://sdgs.un.org/goals>

<sup>3</sup> Sjá nánar málefnaflokk OECD DAC <http://www.oecd.org/development/financing-sustainable-development/development-finance-standards/purposecodessectorclassification.htm>

## 4. Umsóknir

Umsóknum skal skilað til utanríkisráðuneytisins í gegnum rafrænt umsóknarferli á island.is, tengill á skráningarsíðuna má finna á heimasíðu stjórnarráðsins, [www.utn.is/felagasamtok](http://www.utn.is/felagasamtok). Athugið að skráningarsíðan er einungis virk þegar um opið umsóknarferli er að ræða.

Umsóknir skulu vera á íslensku eftir því sem við á en önnur fylgiskjöl, mega vera á íslensku eða ensku.

Til að komast inn á skráningarform þarf umsækjandi að verða sér úti um íslykil eða rafræn skilríki. Íslykil má nálgast hér: <http://www.island.is/islykil>

Auk þess að hafa rafrænt skilríki er nauðsynlegt að þau sem sækja um fyrir hönd félagsamtakanna séu með umboð. Nánari upplýsingar um umboð má finna á leyfisveitingagátt inná Island.is hér: <https://island.is/leyfisveitingagatt>

### 4.1 Skráningarferlið

Umsóknum skal skila rafrænt í gegnum island.is. Tengil á skráningarsíðuna má nálgast á [www.utn.is/felagasamtok](http://www.utn.is/felagasamtok).

Eftirfarandi er lauslegt yfirlit yfir umsóknarferilin en listinn er ekki tæmandi:

1. Upplýsingar um umsækjanda, bæði tengilið umsóknar og upplýsingar um þau samtök sem sækja um.
2. Verkefnalýsing í nokkrum skrefum
  - Val um kynningar- eða fræðsluverkefni
  - Verkefnaheiti á íslensku og ensku
  - Samstarfsaðili/aðilar (ef við á)
  - Áætluð lengd verkefnis
  - Kostnaður verkefnis settur fram í íslenskum krónum
  - Stutt samantekt/lýsing á verkefni
    - o Markmið
    - o Markhópur
    - o Væntanlegur afrakstur/árangur
  - Málefnaflokkur/flokkar þróunarsamvinnu (e. purpose codes)
  - Heimsmarkmið SP
3. Fylgigögnum er hlaðið upp
  - Verkefnaskjal með lýsingu á því verkefni sem sótt er um styrk til.
  - Kostnaðaráætlun
  - Ársskýrslu síðasta starfsárs.
  - Ársreikningi síðasta starfsárs yfirförnum af löggildum endurskoðanda
  - Nafnalista yfir skipan stjórnar samtakanna.
  - Afriti af lögum samtakanna.

Ráðuneytið áskilur sér rétt til að kalla eftir viðbótargögnum og skýringum ef þörf krefur.

## 5. Mat umsókna

### 5.1 Frummat

Áður en umsókn fer til umfjöllunar hjá matshópi fer starfsmaður ráðuneytisins yfir umsóknir og kannar hvort þær uppfylli lámarkskröfur.

Ef einhverjar upplýsingar vantar skal láta umsækjanda vita og gefst umsækjendum kostur á að gera bragarbót innan fimm virkra daga. Ef fylgigögn berst ekki innan þess tíma er umsókn hafnað vegna formgalla og svarað með viðeigandi skýringum.

Styrkhæf félagasamtök skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Vera skráð í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra sem félagasamtök, skv. rekstrarformi eða starfsgreinaflokkun, eða vera skráð sem félag til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri skv. lögum nr. 119/2019.
- Ekki vera rekin í hagnaðarskyni (e. non-profit).
- Hafa sett sér lög og starfandi stjórn.
- Félagsmenn, styrktaraðilar eða stuðningsaðilar séu minnst 30 talsins.
- Hafa lagt fram staðfestan ársreikning.
- Hafa lagt fram verkefnaskjal og önnur fylgigögn.

### 5.2 Matshópur

Ráðherra úthlutar styrkjum af fengnu álitum matshóps sem skipaður er þremur einstaklingum með þekkingu á málaflokknum. Matshópur þessi vinnur út frá skilgreindum gæðaviðmiðum, verklagsreglum og reglum um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu nr. 1035/2020.

Umsóknir skulu metnar á faglegum forsendum og þeim gefnar einkunnir á grundvelli gæðaviðmiða. Gæðaviðmiðin byggjast á stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu og sýna hlutfallslegt vægi matsþátta og taka mið af tilgangi stuðnings utanríkisráðuneytisins við verkefni félagasamtaka. Auk formaskilyrða er litið til þátta eins og gildis verkefnis fyrir markhópin, sjálfbærni verkefna, færni og getu umsækjenda til að framkvæma verkefnið og ná árangri.

Við mat á verkefnum þar sem tiltekinna sérþekkingar er þörf, getur hópurinn leitað álits annarra sérfræðinga. Matsaðilum er skylt að upplýsa um hagsmunatengsl sín við einstök verkefni eða umsóknaraðila. Séu slík tengsl fyrir hendi, skal sá aðili segja sig frá mati á viðkomandi verkefni.

Rýnihópur alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu fjallar um styrkveitingarnar á grundvelli fyrirbyggjandi álitsgerðar matshóps og gildandi leiðbeininga. Endanleg ákvörðun um styrkveitingu er í höndum ráðherra.

Við úthlutun styrkja skal tryggja fjölbreytni verkefna, og gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða. Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum almennum sjónarmiðum, en einnig sértækum sjónarmiðum eftir atvikum:

- gildi og inntak verkefnis er verulegt við að auka upplýsingagjöf, kynningu og fræðslu um alþjóðlega þróunarsamvinnu
- raunhæfar verk- og fjárhagsáætlanir liggja til grundvallar verkefnis
- umsækjendur og aðrir þátttakendur hafa viðeigandi/sterkan faglegan bakgrunn
- nýjar hugmyndir og nálganir eru nýttar við kynningarstarf
- verkefni og umfjöllun endurspeglar virðingu fyrir fólki og viðkvæmum hópum

### 5.3 Tilkynning um úthlutun

Ráðuneytið skal svara öllum umsóknum skriflega og færa rök fyrir niðurstöðu. Jákvæð afstaða til styrkumsóknar getur verið bundin skilyrðum, t.d. um endurskoðun á fjárhagsáætlun eða lagfæringu á verkefnisskjali. Slík skilyrði skulu tilgreind í svari ráðuneytisins.

Í þeim verkefnum sem ráðherra hefur samþykkt úthlutun til er boðað til fundar vegna undirritunar samnings eftir því sem við á.

### 5.4 Trúnaður

Umsóknir, þar með talið fylgiskjöl umsókna og matsblöð flokkast sem trúnaðargögn. Þau gögn eru eingöngu notuð við mat á umsóknum og eru ekki aðgengileg öðrum en matshóp og starfsmönnum ráðuneytisins í þeim tilgangi að leggja mat á umsóknirnar. Öll umsóknargögn og matsblöð eru varðveitt í málaskrá utanríkisráðuneytisins.

Allir þeir aðilar sem koma að afgreiðslu og mati umsókna hjá ráðuneytinu eru bundnir þagnarheiti.

Lýsing á verkefninu í hnotskurn, nafn styrkþega og upphæð styrks er þó undanskilin trúnaði og er birt á heimasíðu ráðuneytisins ef til úthlutunar kemur. Einnig er unnt að skilgreina frekar notkun á efni í tengslum við verkefnið í samningum.

## 6. Framkvæmd og eftirlit

### 6.1 Fjármálastjórnun

Styrkþegar skulu viðhafa góða stjórnarhætti og sýna ráðdeild við nýtingu styrksins. Styrkþegar skulu setja stefnu um afstöðu sína og ráðstafanir gegn spillingu og siðareglur varðandi meðferð fjár. Styrkfé má aldrei renna beint til opinberra starfsmanna, íslenskra eða erlendra ríkja, í því skyni að greiða fyrir framgangi verkefnis sem sótt er um styrk fyrir. Styrkþegum er skylt að setja inn ákvæði um afstöðu og ráðstafanir gegn spillingu í þá samninga sem þeir gera við verktaka og undirverktaka í tengslum við þau verkefni sem fá styrki.

Styrkþegar skulu án tafar upplýsa ráðuneytið skriflega um ólögð mætar gjörðir, spillingu eða misnotkun fjár sem styrkþegar komast á snoðir um eða þeim hefur verið bent á, hvort sem slíkt á sér stað innan samtaka styrkþega sjálfra eða samstarfsaðila þeirra.

### 6.2 Greiðsla styrkja

Greiðslur styrkja skulu berast tímanlega inn á íslenskan bankareikning félagasamtakanna og ekki síðar en tveimur vikum eftir undirskrift samnings. Ársreikningum, yfirförnum af löggiltum aðilum, vegna verkefnis skal skila til ráðuneytisins, þar sem fram koma tekjur og útgjöld þess. Til viðbótar skal ábyrgðarmaður styrkþega, sem getur verið framkvæmdarstjóri eða prókúruhafi samtakanna, votta undirritaða reikninga verkefnisins.

### 6.3 Samningar

Gerðir eru skriflegir samningar um alla styrki. Í samningum er m.a. kveðið á um útborgun styrkja, meðferð fjármuna og skýrsluskil.

## 7. Skýrslur

Þegar verkefni er lokið skulu styrkhafar skila sundurliðuðu uppgjöri til ráðuneytisins eigi síðar en sex vikum eftir að verkefni lýkur ásamt stuttri, skriflegri greinargerð (lokaskýrslu) um árangur þess. Í greinargerðinni skal koma fram hvernig fræðslu- eða kynningarverkefni hefur uppfyllt þau árangursviðmið sem sett voru fram í umsókn.

Reynist kostnaður félagasamtaka lægri en áætlanir í styrkumsókn gerðu ráð fyrir, skulu félagasamtökin endurgreiða ráðuneytinu mismuninn þegar uppgjör liggur fyrir.

Ráðuneytið áskilur sér rétt til að skoða þau bókhaldsgögn sem viðkoma nýtingu styrkja vegna kynningar- og fræðsluverkefna.

